

Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks birt í samráðsgátt stjórnvalda

Til : Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið <frn@frn.is>
Frá : Áshildur Linnet <ashildur.linnet@frn.is>
Heiti : Grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks birt í samráðsgátt stjórnvalda
Málsnúmer : 202311226
Málsaðili : Félags- og vinnumarkaðsráðuneyt
Skráð dags : 10.11.2023 12:47:59
Höfundur : Áshildur Linnet <ashildur.linnet@frn.is>

Viðhengi [ATT00001.jpg](#)[ATT00001.jpg](#)

Tilvísun í mál: FRN22060047

Erindi þetta er sent til allra sveitarfélaga á Íslandi

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur nú birt [grænbók í málefnum innflytjenda og flóttafólks](#) í samráðsgátt stjórnvalda á island.is. Grænbók er hluti af stefnumótunarferli stjórnvalda en nú er unnið að fyrstu heildarstefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks hér á landi.

Grænbókin er unnin í breiðu samráði við helstu haghafa en samráðið hófst í janúar 2023. Markmið grænbókar er að leggja mat á stöðu í málefnum innflytjenda og flóttafólks og greina helstu áskoranir og tækifæri til framtíðar. Lykilviðfangsefnum í grænbók er ætlað að leggja grunn að framtíðarstefnumótun í málaflokknum og stöðumatið verður nýtt til að mæla árangur tilvonandi stefnu.

Grænbókin er fyrst birt á íslensku en áætlað er að ensk og pólsk þýðing komi í samráðsgátt þann 20. nóvember næstkomandi. Opið er fyrir umsagnir um grænbók til 8. desember og er mælt til þess að umsagnir berist annað hvort á íslensku eða ensku. Þau sem ekki treysta sér til að skila inn umsögn á öðru hvoru tungumálinu er bent á að hafa samband við ráðuneytið með tölvupósti á frn@frn.is

Með þessu erindi hvetjum við sveitarfélög landsins til að kynna sér vel efni grænbókar í málefnum innflytjenda og flóttafólks.

Fyrir hönd félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins